

Aðalfundur Beint frá býli, félags heimavinnsluaðila

haldinn að Dæli í Víðidal 9.mars 2013 kl. 13:30

1. Fundarsetning

Guðmundur Jón Guðmundsson formaður bauð fundarmenn velkomna til fimmta aðalfundar félagsins. Tillaga um Jóhönnu B. Þorvaldsdóttir sem fundarstjóra og Marteín Njálsson sem fundarritara var samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar. Guðmundur Jón fór yfir verkefni félagsins frá síðasta aðalfundi ásamt því að hann rakti þróun og gang heimavinnslu og heimasölu bænda. Félagafjöldinn er nánast óbreyttur milli ára eða um 100 félagar og hafa sífellt fleiri félagar sótt um að nota gæðamerki félagsins. Ýmis verkefni eru á borði stjórnar. Stjórn lagði fram á síðasta ári mótaðar tillögur um landsreglur vegna gildistöku nýrrar matvælaeðlugerðar. Slíkar landsreglur hafa ekki verið settar en þær miða að því að gera heimavinnslu mögulega án þess að slakað sé á gæðareglum. Guðmundur Jón þakkaði stjórnarmönnum og félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu ásamt öllum þeim aðilum sem félagið hefur átt samskipti við.

3. Ávörp gesta. Nýr formaður Bændasamtaka Íslands, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson flutti ávarp. Hann lýsti mikilvægi starfsemi félagsmanna gagnvart markaðnum og ímyndar landbúnaðarins. Vörur félagsmanna eru gæðavörur og ættu að seljast sem slíkar og ekki í samkeppni við hefðbundnar vörur á markaði. Hann fór yfir verkefni Bændasamtakanna og uppbyggingu félagskerfis bænda og hvatti félagið til að fylgjast með breytingum sem gætu hugsanlega átt sér stað á reglum um aðild að Bændasamtökunum á næstu misserum ef Beint frá býli hefði hug á að gerast aðili að samtökunum. Fundarmenn ræddu ýmis mál tengd lögum og reglugerðum í landbúnaði og matvælaframleiðslu.

4. Erindi um umbúðahönnun og markaðsetningu vara. María Manda formhönnuður umbúða flutti erindi um umbúðir og mikilvægi hönnunar á þeim.

5. Reikningar félagsins 2012. Heidi gjaldkeri fór yfir ársreikning síðasta árs og kynnti fjárhagsáætlun 2013. Umræður urðu um skýrslu stjórnar og ársreikninga og þeir bornir upp til atkvæða og samþykkt samhljóða. Tillaga frá stjórn um óbreytt árgjöld var borin upp og samþykkt.

6. Kosningar. Þeir stjórnarmenn sem gefa kost á sér aftur eru Guðmundur Jón Guðmundsson á Holtsseli og Heidi Laubert Andersen á Örnólfsstöðum. Stungið er upp á Þorgrími Einari Guðbjartssyni á Erpsstöðum í stjórn. Þau þrjú voru kjörin í aðalstjórn og varastjórnin endurkjörin. Skoðunarmenn voru kjörin Steinunn Ósk Stefánsdóttir og Júlíus Már Baldursson.

7. Aðkoma Beint frá býli að mörkuðum. Rætt um fyrirkomulag á þátttöku félagsins í mörkuðum. Hugmynd rædd um að félagið fjárfesti í stóru sýningartjaldi.

8. Önnur mál.

Aðalfundur felur stjórn að útbúa reglur um að félagsaðild sé háð því að félagar uppfylli lög og reglur um dýravelferð. Umræður urðu um útgáfumál félagsins og prentun á kynningarbæklingi.

Aðalfundur felur stjórn að kanna aðra möguleika í kynningarmálum en prentaða bæklinga, t.d. að efla heimasíðuna eða kanna möguleika á APP fyrir snjallsíma og tölvur. Rætt um fána félagsins og notkun þeirra meðal félagsmanna. Einnig rætt um að fara í markaðsátak á næstu vikum og kynna merki félagsins.

Ekki meira rætt á fundi. Fundi slitið kl. 18:00